Fjarðabyggð

Óseyri 4. júlí 2023

Varðar: Bætur vegna ágangs búfjár.

Í ljósi þess að sveitarfélagið hefur ekki brugðist við beiðni okkar um smölun ágangsfjár sem sett var fram þann 11 júní sl. má vænta þess að undirrituð muni krefja sveitarfélagið um skaðabætur vegna athafnaleysis þess.

Augljóst er að athafnaleysi sveitarfélagsins er ólögmætt enda um skýra lagaskyldu að ræða sem sveitarfélagið getur ekki skotið sér undan.

Báðum skilyrðum 33. gr. laga nr. 6/1986 er fullnægt þ.e. um er að ræða ágang og sá sem fyrir verður hefur krafist smölunar. Ber sveitarstjórn því að láta smala og getur ekki tekið ákvörðun um annað.

Af gefnu tilefni skal tekið fram að þar sem um lagaskyldu er að ræða verður ákvörðun um smölun ekki tekin með stjórnvaldsákvörðun. Þá ákvörðun hefur Alþingi þegar tekið. Hlutverk sveitarfélagsins að þessu leyti er ekki annað en að láta smala.

Varðandi fjárhæð bóta má m.a. hafa hliðsjón af meðfylgjandi gjaldskrá varðandi ágangsfé sem gildir í Vestamannaeyjum. Samkvæmt henni er vörslugjald fjár kr. 3.500 fyrir hvern byrjaðan sólarhring. Í landi okkar hafa verið u.þ.b. 20 gripir á dag síðan 14. júní sl..

Þá mun að sjálfsögðu einnig verða krafist bóta vegna tjóns á skógrækt okkar.

Virðingarfyllst,